



Hafrannsóknastofnun 50 ára

Kveðja frá forseta Íslands

Auðlindir hafsins hafa fært Íslendingum hagsæld umfram flestar aðrar þjóðir og lagt grundvöll að framförum og þróun fjölbætts atvinnulífs.

Á undanförunum áratugum hefur Hafrannsóknastofnun gert okkur kleift að nýta þessar auðlindir á sjálfbæran og ábyrgan hátt, kennt okkur að vísindi og þekking eru forsenda skynsamlegra ákvarðana. Stofnunin hefur í senn verið brautryðjandi, forystuafli og uppalandi; unnið sér traust og virðingu þjóðarinnar.

Hafrannsóknastofnun hefur líka skapað Íslendingum mikilvægan sess í samfélagi ríkja heims og nú, þegar framtíð hafanna er orðin brýnt viðfangsefni alþjóðasamfélagsins eru störf stofnunarinnar æ fleirum fyrirmynd.

Á þessum tímamótum færi ég Hafrannsóknastofnun, starfsfólki hennar fyrr og nú, einlægar þakkir Íslendinga með óskum um að þjóðin beri áfram gæfu til að hlíta vísindalegri leiðsögn hinnar metnaðarfullu sveitar sem helgað hefur stofnuninni krafta sína og þekkingu.

A handwritten signature in black ink, which appears to be 'Ólafur Ragnar Grímsson'.

Ólafur Ragnar Grímsson